



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokksins um aðgerðir til að stemma stigu við hraðakstri (US190203).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 26. júní 2019, var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokksins:

Tillaga um að gripið verði til róttækra aðgerða til að stemma stigu við hraðakstri mótorhjóla og vespa á stígnum bak við Fannafell, Gyðufell og lðufell. Lagt er til að usk komi með tillögur fyrir skipulags og samgönguráð.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

Umsögn:

Skipulags- og samgönguráð samþykkti á fundi sínum þann 5. september 2018 að banna akstur léttra bifhjóla á göngustíg í Fellahverfi, milli Yrsufells 15 og Rjúpufells 48. Í kjölfarið voru sett upp umferðarmerki sem gáfu til kynna bann við akstri léttra bifhjóla á stígnum.

Á reglulegum samráðsfundi skrifstofu samgöngustjóra og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, þann 27. ágúst 2020, var rætt um frekari leiðir til að takast á við vandamálið. Aðilar voru sammála um að kvörtunum af svæðinu hefði fækkað í kjölfar uppsetningu merkjanna en efast var um að aksturinn hefði raunverulega minnka. Af hálfu lögreglunnar voru bundnar vonir við þá nýlega samþykta skráningarskyldu ökutækjanna en sú skylda var í kjölfarið felld á brott.

Af hálfu skrifstofunnar er ekki talið að frekari aðgerðir í formi hraðahindrana, hliða eða þess háttar séu líklegar til að bæta öryggi á stígnum. Þó slíkar aðgerðir séu til þess fallnar að draga úr hraðakstri léttra bifhjóla á stígnum, eru þær einnig til þess fallnar að auka líkur á að vegfarandi fipist og falli eða aki á, ekki bara ökumenn bifhjólanna heldur einnig hjólandi vegfarendur og notendur hlaupahjóla. Slík einslys geta verið nokkuð alvarleg. Æskilegra sé að höfða fremur til foreldrafélaga eða auka umferðarfræðslu í grunnskólum.

Beðist er velvirðingar á að dregist hafi að veita umsögn um tillöguna.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri